

Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í júní 2018

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 6. júlí 2018.

Akureyri. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands mældist úrkoma í júní 1,0 mm eða meiri sex daga mánaðarins sem er í meðallagi. Sólskinsstundir voru 15 fleiri en í meðalári. Meðalhiti mældist einnig yfir meðallagi síðustu ára.


Heildarfjöldi frjókorna í júnímánuði á Akureyri var 883 frjó/m³, svolítið yfir meðaltali sem er 694 frjó/m³. Frjókorn voru samfelt í lofti á Akureyri allan mánuðinn.

Flest frjókornanna voru birkifrjó, 248 frjó/m³, og fóru þau hæst í 112 frjó/m³ laugardaginn 2. júní. Meðaltal birkifrjóa í júní er 361 frjó/m³. Eftir 10. júní voru birkifrjó mjög fá og engin síðustu vikuna. Frjótíma birkis fyrir norðan er því lokið þetta sumarið.

Fyrstu grasfrjóin mældust 5. júní og hafa þau mælst á hverjum degi síðan, en það var ekki fyrr en 21. júní sem þau fóru yfir 10 frjó/m³. Alls mældist 181 grasfrjó/m³ sem er vel yfir meðaltalinu sem er 94 frjó/m³. Ef veður helst áfram gott má búast við miklu magni af grasfrjóum í lofti í júlímánuði.

Súrufrjó mældust fyrst þann 12. júní og síðan hafa þau mælst 1–3 frjó/m³ flesta daga.

Aðrar frjógerðir í júní voru helstar furu-, stara-, ylli- og víðifrjó, einnig frjó af sveipjurta- og rósaætt.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfjótölu í júní á Akureyri. Fyrri hluta mánaðarins var mest af birkifrjókornum en þegar þeim fækkaði tóku grasfrjó við. Mest var af frjóum þann 2. júní eða 132 frjó/m³. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Úrkoma á höfuðborgarsvæðinu var óvenjumikil í júní, sólskinsstundir í sögulegu lágmarki og ekki hefur verið eins kalt í Reykjavík í júnímánuði síðan árið 1997. Af þessum sökum reyndist heildarfrjöldi frjókorna mjög lítill eða 373 frjó/m³, en meðaltalið fyrir júní er 1352 frjó/m³. Frjó mældust samt alla daga mánaðarins en í litlu magni. Hæst fóru þau í 92 frjó/m³ fimmtudaginn 28. júní. Það voru aðallega furufrjó sem mældust þann daginn.


Flest frjókorn í júní voru furufrjó, 152 frjó/m³. Þau mældust aðallega á vikutíma, 23.–28. júní.

Birkifrjó voru næstalgengust, eða 88 frjó/m³. Meðaltal þeirra í júní eru 635 frjó/m³. Þau voru alveg hætt að mælast um miðjan mánuðinn og frjótíma þeirra því lokið í ár.

Grasfrjó reyndust vera 64 frjó/m³. Þau hafa mælst næstum samfelld frá 17. júní en í litlu magni. Hæst fóru þau í 23 frjó/m³ þann 30. júní. Meðaltal þeirra í júní eru 332 frjó/m³.

Af öðrum frjókornum mældist mjög lítið.

Mikil úrkoma og kuldi í júní skýrir hversu fá frjókorn mældust en búast má við grasfrjóum í júlí um leið og það hlýnar og styttr upp.



Myndritið sýnir birki- gras- og súrufrjó ásamt heildarfrjótölu í júní í Garðabæ. Grasfrjó fóru hæst í mánuðinum í 23 frjó/m³ þann 30. maí og birkifrjó fóru í 12 þann 5. júní. Mest var af frjóum 28. júní, aðallega furufrjó 77 frjó/m³. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabær 6. júlí 2018

Elly Guðjohnsen

Netfang elly@ni.is
www.ni.is

